



FUNDARGERÐ

257. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 9. maí 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Davíð Þór Sigurðarson varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Ísland ljóstengt 2019
2. Gjaldskrárbreytingar vatns- og hitaveitu
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Ísland ljóstengt 2019

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu verkefnisins. Reiknað er með að verðkönnun meðal verktaka fari fram á næstu tveimur vikum. Framkvæmdastjóri er að vinna að efniskaupum fyrir verkefnið.

2. Gjaldskrárbreytingar vatns- og hitaveitu

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir gjaldskrár nokkurra hitaveitna á landinu.

Stjórn ákveður að enginn afsláttur skuli gefinn af köldu vatni.

Framkvæmdastjóra falið að setja upp tillögu að gjaldskrá á heitu vatni í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá nokkrum verkefnum sem nú eru í vinnslu hjá HEF m.a. vatnsveitu á Iðavöllum, vinnu við áfanga 1 og 2 við Vök Baths, forhönnun hreinsistöðvar við Melshorn og útrás fráveitu og lóðamál við lagerhús HEF.

4. Önnur mál

Björg Björnsdóttir leggur áherslu á að samningum við landeiganda vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýja fráveitu verði lokið sem allra fyrst.

Einnig áréttaði hún óánægju sína með það hversu seint fundargögn eru að berast, þrátt fyrir samþykkt stjórnar og ítrekaðar umræður þar um. Þetta væri ótækt ástand sem yrði að laga. Hún spurði einnig um stöðu á vinnu við endurskoðun lánasamninga HEF við Íslandsbanka. Þá ítrekaði Björg bókun frá síðasta fundi um að farið verði fyrr af stað í vinnu við gerð fjárhagsáætlun næsta árs, þannig að ákveðinn rammi hafi verið kynntur fyrir sumarið.

Næsti fundur verður 31. maí.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:30.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.